

8. desember 2015

## Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2015

Quarterly national accounts, 3<sup>rd</sup> quarter 2015

*Samantekt* Landsframleiðslan á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 jókst um 4,5% að raungildi borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2014. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 6,2%. Einkaneysla jókst um 4,4%, samneysla um 0,9% og fjárfesting um 15,8%. Útflutningur jókst um 7,4% og innflutningur nokkru meira, eða um 10,9%.

Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2015, án árstíðaleiðréttingar, jókst um 2,6% frá sama ársfjórðungi fyrra árs en árstíðaleiðrétt landsframleiðsla jókst um 0,7% frá 2. ársfjórðungi 2015.

**Tafla 1. Þjóðarútgjöld og landsframleiðsla**

Table 1. Domestic expenditure and GDP


	Verðlag ársins, millj. kr. Current prices, million ISK	Magnbreyting frá fyrra ári, % Volume change from previous year, %		Magnbreyting frá fyrra ársfj., % <sup>1</sup> Volume change from previous quarter, % <sup>1</sup>	
		1.–3. ársfj. 1 <sup>st</sup> –3 <sup>rd</sup> quarter		2. ársfj. 2 <sup>nd</sup> quarter	3. ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter
		3. ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter	3. ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter		
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	264.772	4,3	4,4	1,1	0,7
Samneysla <i>Government final consumption</i>	126.635	0,3	0,9	0,0	0,0
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	102.329	5,0	15,8	2,0	9,9
Birgðabreytingar <sup>2</sup> <i>Changes in inventories<sup>2</sup></i>	-1.374	0,0	...	...	...
<b>Þjóðarútgjöld alls</b> <b><i>Gross domestic final expendit.</i></b>	<b>492.362</b>	<b>3,4</b>	<b>6,2</b>	<b>0,5</b>	<b>2,7</b>
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	335.345	3,7	7,4	8,3	-4,5
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-257.235	4,9	10,9	2,6	-1,5
<b>Verg landsframleiðsla GDP</b>	<b>570.472</b>	<b>2,6</b>	<b>4,5</b>	<b>3,7</b>	<b>0,7</b>

<sup>1</sup> Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

<sup>2</sup> Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

### Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2015. Preliminary figures 2013–2015.

Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.

### Mynd 2. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2015. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2013–2015. Change from the previous quarter.


Einkaneysla eykst

Einkaneysla fyrstu níu mánuði ársins 2015 jókst um 4,4% borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2014. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst einkaneysla um 4,3% að raungildi. Frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2015 jókst einkaneysla um 0,7%.

- Minni aukning samneyslu* Samneysla fyrstu níu mánuði ársins 2015 jókst um 0,9% borið saman við sama tímabil árið áður. Frá sama ársfjórðungi árið áður jókst samneysla um 0,3% en frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2015 stóð samneyslan nánast í stað. Tölur um fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2015 verða birtar í Hagtíðindum föstudaginn 11. desember 2015.
- Fjárfesting eykst* Fjárfesting fyrstu níu mánuði ársins 2015 jókst um 15,8% að raungildi samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2014. Vöxtinn má alfarið rekja til atvinnuvegafjárfestingar sem jókst um 27,9%. Á sama tíma dróst íbúðafjárfesting saman um 7,7% og fjárfesting hins opinbera um 3,4%.
- Miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst fjárfesting um 5% að raungildi. Þar af jókst fjárfesting atvinnuveganna um 10,8% á sama tíma og íbúðafjárfesting dróst saman um 4% og fjárfesting hins opinbera um 7,6%.
- Fjárfesting jókst um 9,9% á 3. ársfjórðungi 2015 borið saman við 2. ársfjórðung 2015. Þar af jókst fjárfesting atvinnuvega um 14,3% og íbúðafjárfesting um 2,7% en fjárfesting hins opinbera dróst saman um 3%.
- Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu en jafnframt til frádráttar sem innflutningur (eða til aukningar sem útflutningur) og hefur því lítil sem engin áhrif á landsframleiðslu. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 34,6% og fjárfesting alls um 18,9% borið saman við sama ársfjórðung síðasta árs. Ef fyrstu níu mánuðir ársins eru bornir saman við sama tímabil 2014 þá jókst atvinnuvegafjárfesting um 21,7% og fjárfesting alls um 11,5%.
- Birgðir dragast saman* Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 3. ársfjórðungi 2015 minnkuðu birgðir um 1,4 milljarða króna á verðlagi ársins og munar þar mestu um 1,9 milljarða króna samdrátt í birgðum sjávarafurða og 877 milljóna króna samdrátt í birgðum olíu og reksrarvöru. Á móti koma auknar birgðir í stóriðju um 1,4 milljarða króna.
- Þjóðarútgjöld aukast* Þjóðarútgjöld fyrstu níu mánuði ársins 2015 jukust um 6,2% borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2014. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jukust þjóðarútgjöld um 3,4% og frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2015 jukust þjóðarútgjöld um 2,7% einkum vegna aukinnar fjárfestingar á sama tíma.
- Innflutningur eykst umfram útflutning* Útflutningur fyrstu níu mánuði ársins 2015 jókst um 7,4% að raungildi borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2014. Þar af jókst vöruútflutningur um 1,1% og þjónustuútflutningur um 14,3%. Á sama tíma jókst innflutningur um 10,9%. Þar af jókst vöruinnflutningur um 14,2% og þjónustuinnflutningur um 5,5%.
- Miðað við sama ársfjórðung fyrra árs jókst útflutningur um 3,7%. Þar af jókst þjónustuútflutningur um 10,9% en vöruútflutningur dróst saman um 4,3%. Á sama tíma jókst innflutningur um 4,9%. Þar af jókst vöruinnflutningur um 3,3% og þjónustuinnflutningur um 7,8%. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.
- Frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2015 dróst útflutningur saman um 4,5% og innflutningur um 4,6%.

### Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contributions to growth by expenditure items



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Preliminary figures. Change over same quarter, previous year.

#### Meiri afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 147,6 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 sem er mun hærri fjárhæð en á sama tímabili árið áður (98,2 milljarðar króna á verðlagi þess árs). Þar af var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 21,0 milljarða króna en þjónustujöfnuður jákvæður um 168,6 milljarða og hefur aldrei verið hærri. Þennan mikla afgang þjónustuviðskipta við útlönd má aðallega rekja til aukinnar ferðaþjónustu.


Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á 3. ársfjórðungi 2015 var 78,1 milljarðar króna. Þar af var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 12,3 milljarða króna en þjónustujöfnuður var jákvæður um 90,4 milljarða.

#### Hagþróun erlendis

Í helstu viðskiptaríkjum Íslands var ársbreyting landsframleiðslunnar á 3. ársfjórðungi mest í Svíþjóð, 3,9%. Í Noregi var hagvöxtur 3,1%, Bretlandi 2,3%, Bandaríkjunum 2,2%, Hollandi 1,8%, Þýskalandi 1,7%, Frakklandi 1,2%, Japan 1,1% og Danmörku 0,9%. Aftur á móti var 0,5% samdráttur í Finnlandi.

#### Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2015. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Ísland óárstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2013–2015. Change over same quarter, previous year. Iceland not seasonally adjusted.

**Heimild** Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

#### Árstíðaleiðrétting

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Árstíðaleiðrétt tímaröð fyrir vöruútflutning hefur verið leiðrétt frá síðustu birtingu. Sú leiðrétting var gerð eftir að í ljós kom villa í árstíðaleiðréttingu á vöruútflutningi. Endurskoðunin hefur einnig áhrif á tímaröðir fyrir árstíðaleiðréttan heildarútflutning og verga landsframleiðslu og nær hún aftur til ársins 1997.

Niðurstöður fyrir árin 2013–2015 eru bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir. Slíkar breytingar hafa að sjálfsögðu einnig áhrif á árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar.

#### Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á [vef Hagstofunnar](#). Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

Tölur um 4. ársfjórðung 2015 verða birtar í mars 2016

Tölur um landsframleiðsluna á 4. ársfjórðungi 2015 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtiðindum 10. mars 2016.

## English summary

In real terms, non-seasonally adjusted Gross Domestic Product (GDP) for the first three quarters of 2015 increased by 4.5% compared with the same period of 2014. Total domestic final expenditure increased by 6.2%. Private final consumption increased by 4.4%, government final consumption by 0.9% and gross fixed capital formation by 15.8%. While the balance of trade in goods and services improved in nominal terms, the contribution to growth of foreign trade was negative as exports grew by 7.4% and imports grew by 10.9%.

Non-seasonally adjusted figures indicate a year-over-year (YOY) increase in real GDP by 2.6% for the 3rd quarter of 2015. Total domestic expenditure increased by 3.4%. Household final consumption increased by 4.3%, government final consumption by 0.3% and gross fixed capital formation by 5%. Exports grew by 3.7% and imports grew by 4.9%.

Seasonally adjusted GDP in the 3<sup>rd</sup> quarter of 2015 increased by 0.7% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 2.7%. Household final consumption increased by 0.7% while government final consumption remained unchanged and gross fixed capital formation increased by 9.9%. Exports decreased by 4.5% while imports decreased by 1.5% in the 3<sup>rd</sup> quarter of 2015 as compared with the 2<sup>nd</sup> quarter of 2015.

Correction have been made in the calculation of seasonally adjusted series for exports covering the period 1997–2015. This revision affects seasonally adjusted GDP for the same time period.

National accounts for the 4<sup>th</sup> quarter of 2015 will be published on the 10<sup>th</sup> of March 2016.

**Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2011–2015***Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2011–2015*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Verðlag hvers árs, milljónir króna</b>								
<i>Million ISK at current prices</i>								
<b>2011</b>	<b>879.710</b>	<b>420.425</b>	<b>261.613</b>	<b>3.357</b>	<b>1.565.104</b>	<b>962.536</b>	<b>-827.133</b>	<b>1.700.507</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	203.423	99.378	53.329	18.112	374.241	204.400	-177.710	400.931
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	219.719	105.732	61.504	-4.756	382.199	238.855	-204.797	416.256
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	217.748	105.109	65.094	-4.057	383.894	282.213	-219.289	446.818
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	238.820	110.206	81.685	-5.941	424.770	237.069	-225.336	436.502
<b>2012</b>	<b>947.233</b>	<b>434.989</b>	<b>284.516</b>	<b>1.800</b>	<b>1.668.538</b>	<b>1.011.435</b>	<b>-904.483</b>	<b>1.775.490</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	222.844	104.194	71.803	19.361	418.203	225.988	-211.795	432.396
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	239.944	109.736	76.668	-11.152	415.195	258.143	-243.614	429.724
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	228.535	106.912	66.105	-68	401.484	284.360	-225.341	460.503
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	255.911	114.147	69.940	-6.341	433.656	242.944	-223.733	452.867
<b>2013<sup>1</sup></b>	<b>986.998</b>	<b>458.198</b>	<b>287.532</b>	<b>-4.953</b>	<b>1.727.775</b>	<b>1.046.179</b>	<b>-895.254</b>	<b>1.878.700</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	234.131	109.148	64.923	13.950	422.152	237.542	-207.426	452.267
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	246.766	116.352	74.667	-3.680	434.105	248.101	-226.803	455.403
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	238.863	112.813	67.570	-5.479	413.766	302.930	-231.042	485.654
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	267.239	119.885	80.372	-9.744	457.752	257.607	-229.983	485.375
<b>2014<sup>1</sup></b>	<b>1.046.248</b>	<b>484.463</b>	<b>331.975</b>	<b>2.045</b>	<b>1.864.730</b>	<b>1.066.763</b>	<b>-942.233</b>	<b>1.989.260</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	244.752	115.576	76.500	287	437.115	221.013	-209.306	448.821
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	262.979	121.869	74.094	2.046	460.988	254.256	-235.971	479.273
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	252.243	119.943	95.086	-2.309	464.962	325.432	-257.214	533.180
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	286.274	127.075	86.295	2.022	501.665	266.062	-239.742	527.985
<b>2015<sup>1</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	257.766	122.861	93.231	15.245	489.104	260.140	-235.813	513.431
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	278.328	128.467	98.215	-3.652	501.358	316.613	-271.485	546.486
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	264.772	126.635	102.329	-1.374	492.362	335.345	-257.235	570.472

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2011–2015**

Table 3. Quarterly Gross Domestic Product volume changes 2011–2015

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <sup>1</sup> <i>Changes in inventory<sup>1</sup></i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raubreytingar frá sama tímabili árið áður, %</b>								
<i>Volume changes on the same quarter of the previous year, %</i>								
<b>2011</b>	<b>2,5</b>	<b>-0,1</b>	<b>11,6</b>	<b>0,2</b>	<b>3,5</b>	<b>3,4</b>	<b>6,8</b>	<b>2,0</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,6	0,4	5,9	1,4	3,1	4,2	4,0	2,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,8	-0,4	3,3	0,9	4,0	-0,9	5,9	0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,0	0,6	7,3	-1,0	1,4	7,7	6,6	3,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,5	-1,1	27,8	-0,2	5,2	2,4	10,1	1,5
<b>2012</b>	<b>1,9</b>	<b>-1,8</b>	<b>5,3</b>	<b>0,0</b>	<b>1,5</b>	<b>3,6</b>	<b>4,6</b>	<b>1,2</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,3	-2,7	31,4	0,5	5,6	5,6	10,5	3,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,5	-2,5	20,4	-1,5	2,2	6,5	13,1	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,6	-1,5	-0,0	0,8	1,2	3,3	3,7	1,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,3	-0,7	-19,3	0,2	-2,6	-0,6	-7,0	0,6
<b>2013<sup>1</sup></b>	<b>1,0</b>	<b>1,1</b>	<b>-1,0</b>	<b>-0,5</b>	<b>0,2</b>	<b>6,7</b>	<b>0,2</b>	<b>3,9</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,3	0,8	-14,7	-1,7	-3,7	3,7	-5,7	1,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,5	2,2	-1,3	1,8	2,7	2,8	-1,8	5,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,2	0,7	-0,6	-1,1	-0,2	8,6	1,6	4,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,1	0,7	13,8	-0,9	2,0	11,4	6,5	4,9
<b>2014<sup>1</sup></b>	<b>3,1</b>	<b>1,8</b>	<b>15,4</b>	<b>0,4</b>	<b>5,2</b>	<b>3,1</b>	<b>9,8</b>	<b>1,8</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,3	2,6	17,6	-3,0	1,7	3,5	11,1	-1,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,9	1,1	-2,6	1,3	3,2	4,9	7,0	2,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,8	1,9	40,4	0,7	8,8	6,2	14,2	4,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	4,1	1,6	9,5	2,4	7,1	-2,6	7,3	1,9
<b>2015<sup>1</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	4,3	1,4	18,3	3,2	9,2	3,8	14,0	4,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,5	0,9	27,1	-1,1	6,0	15,0	14,7	6,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	4,3	0,3	5,0	0,0	3,4	3,7	4,9	2,6

<sup>1</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*



**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2011–2015, árstíðaleiðrétt**Table 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2011–2015*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, %</b>							
<i>Percentage change on the previous quarter</i>							
<b>2011</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,5	-0,4	-7,1	-0,8	-3,9	-3,8	-1,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,6	-0,5	2,9	1,0	1,1	-1,3	2,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,4	0,0	10,4	2,1	5,0	5,5	2,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,4	-0,7	20,3	2,5	0,5	10,1	-1,7
<b>2012</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,4	-1,3	-6,5	-0,8	-0,4	-3,9	1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,9	-0,4	-3,3	-0,8	1,6	1,5	-0,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,3	0,7	-6,2	-0,1	0,3	-3,2	1,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,9	0,3	-5,2	-1,0	-2,0	-1,5	-1,2
<b>2013<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,3	-0,1	-0,2	-0,7	7,7	-2,3	4,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,1	1,0	12,5	2,8	-6,2	5,4	-3,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,2	-0,2	-6,9	-1,2	8,8	0,2	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,1	0,4	8,6	1,5	2,4	3,2	1,3
<b>2014<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,0	1,0	1,6	0,2	-2,9	1,6	-2,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,2	0,0	-5,0	1,8	-0,5	2,0	0,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,1	0,4	35,9	5,8	6,5	7,1	5,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,8	0,2	-17,3	-1,9	-4,3	-3,2	-2,4
<b>2015<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,0	0,4	10,3	2,0	3,2	7,5	0,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,1	-0,0	2,0	0,5	8,3	2,6	3,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	0,0	9,9	2,7	-4,5	-1,5	0,7

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2011–2015**

Table 5. Contribution to growth 2011–2015

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, %</b>							
<i>% points contributions to growth in GDP from previous quarter</i>							
<b>2011</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-2,0	-0,2	-1,3	0,6	-0,6	2,4	-1,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,8	-0,1	0,4	-0,3	0,6	0,6	2,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,2	0,0	1,4	0,2	2,7	-2,4	2,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,2	-0,2	3,1	-0,6	0,3	-4,5	-1,7
<b>2012</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,4	0,2	-1,1	0,8	2,0	-1,3	1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,4	-0,1	-0,6	-0,7	0,9	-0,8	-0,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,2	0,2	-1,0	0,9	0,2	1,7	1,7
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,5	0,1	-0,8	-0,6	-1,2	0,7	-1,2
<b>2013<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,1	0,5	-0,0	-0,7	3,4	0,5	4,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,1	0,2	1,8	0,7	-3,6	-2,5	-3,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	-0,1	-1,1	-0,7	5,0	-0,1	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,0	0,1	1,3	0,1	1,4	-1,6	1,3
<b>2014<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	0,8	0,3	-0,6	-4,6	0,7	-2,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	0,0	-0,8	1,7	-0,3	-1,0	0,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,1	0,1	5,6	-0,4	3,6	-3,6	5,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,9	0,0	-3,5	0,9	-2,4	1,7	-2,4
<b>2015<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,1	0,1	1,0	-0,4	-1,1	0,5	0,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	-0,0	0,4	-0,5	4,6	-1,3	3,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	0,0	1,7	0,3	-2,6	0,8	0,7

Skýring Note: Míðað er við árstíðaleiðrétta tölur. Calculated from seasonally adjusted series.

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2011–2015, árstíðaleiðrétt**  
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2011–2015*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raubreyting frá sama tímabili árið áður, %</b> <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
<b>2011</b>	<b>2,5</b>	<b>-0,1</b>	<b>11,6</b>	<b>3,5</b>	<b>3,4</b>	<b>6,8</b>	<b>2,0</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	0,7	3,4	0,8	4,9	3,9	1,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,4	0,1	3,0	4,3	-0,9	5,8	0,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,5	0,2	11,4	3,8	7,2	6,9	4,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,9	-1,6	27,0	5,0	2,5	10,2	1,3
<b>2012</b>	<b>1,9</b>	<b>-1,8</b>	<b>5,3</b>	<b>1,5</b>	<b>3,6</b>	<b>4,6</b>	<b>1,2</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,7	-2,5	27,8	5,0	6,3	10,1	3,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,0	-2,4	20,0	3,2	6,8	13,2	0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,3	-1,7	2,0	0,8	2,0	3,9	0,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,8	-0,7	-19,6	-2,7	-0,5	-7,0	0,7
<b>2013<sup>1</sup></b>	<b>1,0</b>	<b>1,1</b>	<b>-1,0</b>	<b>0,2</b>	<b>6,7</b>	<b>0,2</b>	<b>3,9</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	0,5	-14,2	-2,6	7,5	-5,4	4,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,2	1,9	-0,2	1,0	-0,7	-1,8	1,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,8	1,0	-1,0	-0,1	7,7	1,7	3,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,9	1,1	13,4	2,5	12,5	6,5	6,1
<b>2014<sup>1</sup></b>	<b>3,1</b>	<b>1,8</b>	<b>15,4</b>	<b>5,2</b>	<b>3,1</b>	<b>9,8</b>	<b>1,8</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,2	2,2	15,4	3,3	1,5	10,7	-0,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,5	1,3	-2,5	2,2	7,6	7,1	2,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,4	1,9	42,3	9,5	5,3	14,4	4,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	4,1	1,7	8,3	5,8	-1,5	7,3	0,7
<b>2015<sup>1</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	4,1	1,0	17,7	7,8	4,6	13,6	3,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,1	0,9	26,4	6,5	13,9	14,4	6,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	4,7	0,6	2,2	3,3	2,2	5,1	1,9

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Hagtíðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** ***National accounts***

100. árg. • 46. tbl.

ISSN 0019-1078

8. desember 2015

Umsjón *Supervision* Jón Ævarr Sigurbjörnsson • jon.sigurbjornsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) [www.statice.is](http://www.statice.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*